



Borgarstjórn Reykjavíkur  
21. apríl 2026

## Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytta forgangsröðun samgönguverkefna í Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela borgarstjóra að hefja viðræður við ríki og nágrennasveitarfélög um breytingar á forgangsröðun og fjármögnun verkefna innan samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, með það að markmiði að setja brýnustu og arðbærustu samgönguverkefni í forgang og tryggja skjótan og mælanlegan árangur fyrir borgarbúa.

Sérstök áhersla verði lögð á að:

1. **Snjallvæðing umferðarljósa verði sett í algeran forgang** og innleidd á öllu höfuðborgarsvæðinu með miðlægu stýrikerfi sem lágmarkar biðtíma og tryggir forgang almenningsamgangna og viðbragðsaðila.
2. **Forgangsaðgerðir fyrir almenningsamgöngur verði endurskipulagðar og styrktar**, með uppbyggingu hraðvirks og hagkvæms leiðakerfis á sérakreinum þar sem það á við, án þess að þrengja að almennri umferð. Dregið verði úr áherslu á miðjusetningu sérakreina. Ráðist verði í úrbætur á leiðarkerfi, biðskýlum og skiptistöðvum og notendavænna greiðslukerfi innleitt. Gervigreind og tæknilausnir verði notaðar til að telja innstig og greina ferðir strætó strax á næsta kjörtímabili svo tryggja megi öflugra leiðarkerfi og gera strætó snjallari.
3. **Ráðist verði tafarlaust í úrbætur á helstu flöskuhálsum, gatnamótum og tengingum**, þar sem hægt er að bæta umferðarflæði með einföldum og hagkvæmum aðgerðum. Gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði hraðað eftir fremsta megni.
4. **Falla skal tafarlaust frá fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi vegna Suðurlandsbrautar**. Ekki verði þrengt að almennri umferð á brautinni. Nýjum sérakreinum almenningsamgangna verði þvert á móti komið fyrir án þess að fækka akreinum eða bílastæðum. Lögð verði áhersla á gott aðgengi að atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu á svæðinu. Öruggar og skilvirkar göngu- og hjólatengingar verði jafnframt tryggðar.
5. **Reykjavíkurborg lýsi því yfir að ráðist verði í undirbúning Miklubrautarganga með það að markmiði að þau verði framkvæmd í einkaframkvæmd utan samgöngusáttmála**. Undirbúningur hefjist á þessu ári og að stefnt verði að verklokum árið 2032. Framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans verði uppfærð í samræmi við það.
6. **Framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans verði endurskoðuð í heild**, þannig að tryggt sé að tímasetningar standist, kostnaður sé undir stjórn og forgangsröðun verkefna sé í samfellu og tryggi greiðar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu..
7. **Verkefni samgöngusáttmála verði fjármögnuð án flýti- og umferðargjalda**, í samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins um að draga úr álögum á borgarbúa.



Reykjavík